



Hlutverk jafningja í geðþjónustu



Jafningjar eru starfsfólk geðþjónustu Landspítala sem hafa persónulega reynslu af andlegum veikindum og bataferli og af því að nota úrræði geðþjónustu. Jafningjar hafa fengið þjálfun í að veita meðvitaðan og markvissan jafningastuðning.

Hlutverk jafningja

Hlutverk jafningja er að vera vinur við veginn. Notendur geðþjónustu geta nýtt sér þeirra reynslu og upplifun af andlegum veikindum og bataferli til að bæta sína eigin.

Jafningjar eru til staðar fyrir notendur geðþjónustu Landspítala og gefa færi á samskiptum sem byggja á virðingu, samkennd og trausti með það að markmiði að mynda tengsl. Hlutverk jafningja er að:

- Mynda tengsl til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, bæta lífsgæði og sjálfsöryggi í samskiptum.
- Leiðrétta skynjað valdaójafnvægi sem getur verið á milli notenda og meðferðaraðila.
- Hlusta ef notandi vill ræða eða hefur ábendingar varðandi sína meðferð eða þjónustu.
- Vera álitsgjafar þegar kemur að umbótaverkefnum innan spítalans. Þeir gæta hagsmuna notenda og koma þeirra sjónarhorni á framfæri.
- Vera í málsvari fyrir hóp þjónustubeoga og enn fremur að koma sjónarhorni þeirra inn í alla starfsemi geðþjónustunnar.
- Hjálpa notendum að sjá fyrir sér jákvæða framtíð með geðrænum veikindum.

Hægt er að óska eftir samtali við jafningja með því að hafa samband við starfsfólk deilda geðþjónustu.

Notendaráð

Jafningar eru hluti af notendaráði geðþjónustu Landspítala. Markmið þess er að efla þekkingu starfsfólks á sjónarhorni notenda til að draga úr valdaójafnvægi í samskiptum þeirra við notendur þjónustunnar.

Ráðið vinnur að bættri samvinnu við notendur geðþjónustu Landspítala, sjúklingasamtök og aðra sem vinna að valdeflingu notenda geðheilbrigðisþjónustu.

Þeir sem óska aðstoðar við að koma á framfæri ábendingum, kvörtunum eða hrósi geta haft samband við notendaráð með því að:

- Senda tölvupóst á netfangið notendarad.ged@landspitali.is
- Hafa samband í símanúmerið 621 8422 með smáskilaboðum eða hringja á símatíma, kl. 10:00-14:00 alla virka daga

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.